

Umbótaáætlun vegna ytri úttektar á Fjölbrautaskóla Snæfellinga haustið 2020

Athugasemdir úttektaraðila og leiðir til úrbóta ásamt áætlaðri tímasetningu og ábyrgðaraðila verkefna.

Umbótaáætlunin er unnin af Gæðaráði Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Gæðaráð skipa: Hermann Hermannsson, Freydís Bjarnadóttir og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið?
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag						
1.1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu	Skerpa þarf á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans	Á vormánuðum 2021 fór af stað vinna, undir handleiðslu fagaðila, sem miðaði að því að skýra megingildi og framtíðarsýn skólans. Með því var stefnt á að formfesta hvað skólinn stendur fyrir.	Skólameistari Mannauðsstjóri	Vor 2021	Vor 2022	Gæðaráð metur með því að leggja fyrir könnun og rýni með rýnihópum
1.4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	Tryggja þarf betur aðkomu allra haghafa að stefnumörkun fyrir skólann	Auglýst var eftir og ráðið í stöður fagstjóra í raun-, tungumála- og félagsgreinum á vorönn 2021. Lagt er upp með að þeir verðir ráðgefandi í	Skólameistari	Haust 2021	Vor 2022	Með því að sannreyna þekkingu haghafa af handahófi

		<p>stefnumótun og þannig verði hægt að fá faglegt innlegg í stefnumótun frá kennurum.</p> <p>Aðkoma nemenda að stefnumörkun verður eflid samhliða eflingu í lýðræðisvitund og þátttöku nemenda. Skólanefnd sé kynnt framvinda í stefnumótunarvinnu.</p>				
1.3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	Fylgja þarf stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum betur eftir með markvissum áætlunum varðandi innleiðingu og eftirfylgd	Í ljósi yfirstandandi stefnumótunarvinnu vinna mannauðsstjóri og skólameistari að áætlunum um innleiðingu og eftirfylgd.	Mannauðsstjóri	Haust 2021	Haust 2026	Stefna og áætlanir um eftirfylgd eru sýnilegar á síðu skólans
ÁEV	Samræma þarf texta um viðurlög við brotum á reglum skólans og orða málsmeðferð með skýrum hætti m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum	Skólaráð yfirfer texta og samræmir.	Skólameistari og skólaráð	Haust 2021	Vor 2022	Reglur skólans verða sýnilegar á síðu hans

ÁEV	Fastsetja þarf betur fundi í skólanefnd	<u>Dagskrá skólanefndarfunda.</u>	Skólameistari	Lokið	Lokið	ÁEV
ÁEV	Fastsetja þarf fundi í skólaráði og nýta þann vettvang með markvissari hætti til umræðna og ákvarðanatöku	Skólameistari útbýr fundaplan.	Skólameistari	Haust 2021	Haust 2021	ÁEV
1.15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	Umbótaáætlun í sjálfsmatsskýrslu taki í auknu mæli mið af niðurstöðum innra mats	Gæðaráð fer yfir umbótaáætlun tvisvar á önn og miðar sjálfsmatsáætlun eftir því	Mannauðsstjóri	Haust 2021	Haust 2026	Sjálfsmatsskýrsla
1.15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	Setja þarf niðurstöður innra mats fram með skipulegri (myndrænum) hætti og bera mælingar saman við fyrri niðurstöður þegar það á við	Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2020-2021 var lögð áhersla á að auka samanburð milli ára, á lengra tímaskeiði, og myndræna framsetningu gagna og verður áfram lögð áhersla á það.	Mannauðsstjóri	Haust 2021	Haust 2026	Sjálfsmatsskýrsla
1.14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	Setja þarf fram skýr matsviðmið og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim	Farið verður í vinnu þar sem matsþættir tengdir öllum þáttum skólafarfsins eru skilgreindir, bæði hvað sé mælt og hver	Mannauðsstjóri Skólameistari	Haust 2021	Haust 2022	Matsviðmið verða sýnileg á heimasíðu skólans og niðurstaða á mati verður í sjálfsmatsskýrslu

		séu ásættanleg matsviðmið hverju sinni.				
2. Kennsla og námsframboð	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið?
ÁEV	Umsagnir kennara mega í sumum tilfellum vera ítarlegri og viðbrögð þeirra skjótari	Sett verða markmið um samræmd vinnubrögð	Skólameistari Fagstjórar	Haust 2021	Haust 2021	Fagstjórar meta árangur í lok hvernar annar
ÁEV	Meta þarf hvort og með hvaða hætti kennarar vinna skv. stefnu skólans um náms- og kennsluhætti og námsmat/leiðsagnarmat	Starf fagstjóra mun m.a. beinast að því að samhæfa vinnu kennara við stefnu skólans auk þess að vera álitsgjafar í stefnumótun.	Fagstjórar Skólameistari Mannauðsstjóri	Haust 2021	Haust 2026	Fagstjórar meta árangur í lok hvernar annar
ÁEV	Meta þarf ávinning nemenda af áherslum skólans varðandi náms- og kennsluhætti og námsmat	Í könnunum og rýnihópum meðal útskrifaðra nemenda og útskriftarefnum verði spurt sérstaklega um ávinning af fyrrgreindu	Gæðaráð	Haust 2021	Haust 2026	Sjálfmatsskýrsla
ÁEV	Efla þarf formlega eftirfylgd með þróunarverkefnum	Aðstoðarskólameistar i hefur eftirfylgd með þróunarverkefnum	Aðstoðarskólameistari	Haust 2021	Haust 2026	Skólameistari
ÁEV	Viðfangsefni á framhaldsskólabraut 1 mættu vera fjölbreyttari	Breyta framhaldsskólabraut 1 þannig að	Aðstoðarskólameistari Fagstjórar Námsráðgjafi	Haust 2021	Vor 2022	Ný námsbrautaráætlun

		viðfangsefni verði fjölbreyttari				komin inn á heimasíðu vorið 2022
ÁEV	Meta þarf móttökuáætlun nemenda með annað móðurmál en íslensku og þróa áfram í ljósi reynslunnar	Móttökuáætlun fyrir nemenda með annað móðurmál en íslensku verður endurskoðuð.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Vor 2022	Vor 2022	Birt á heimasíðu skólans
2.29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	Efla þarf enn frekar þau námsúrræði og stuðning sem nemendum með sértæka námsörðugleika bjóðast og upplýsingar þar um gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans	Námsúrræði og stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika verða endurskoðuð og upplýsingar gerðar sýnilegar á heimasíðu skólans	Námsráðgjafi Þroskaþjálfari	Haust 2021	Vor 2022	Verður sýnilegt á heimasíðu skólans
3. Samskipti og líðan	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið?
ÁEV	Taka þarf öllum vísbendingum um vanlíðan og einelti á meðal nemenda alvarlega og bregðast við með viðeigandi hætti	Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis var unnin á vormánuðum 2021. Stefnt er að því að klára hana á haustönn 2021 og koma í fulla virkni.	Skólameistari Mannauðsstjóri	Haust 2021	Haust 2021	Stefnan verður aðgengileg á heimasíðu skólans

3.48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	Kennurum gengur misvel að halda uppi góðum vinnufriði í opna rými skólans	Spurt verður um vinnufrið í rýnihópum og könnun um aðstöðu og skipulag kennslu á vorönn.	Gæðaráð	Haustönn 2021	Vorönn 2022	Sjálfsmatsskýrsla.
ÁEV	Huga þarf enn betur að tengslum kennara við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði	Lagt verður upp úr því að hvetja kennara til þess að fara oftari til Patreksfjarðar.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Deildarstjóri Fagstjórar Mannauðsstjóri	Haust 2021	Vorönn 2022	Hversu oft fara kennarar til Patreksfjarðar?
ÁEV	Æskilegt er að til séu verkferlar sem skilgreina verklag ef upp koma samskiptavandamál/ ágreiningsmál innan skólans	Uppfærð viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis mun ná yfir slík samskipta- og ágreiningsmál.	Mannauðsstjóri Skólameistari	Vorönn 2022	Vorönn 2022	Viðbragðsáætlun sýnileg inni á heimasíðu skólans
ÁEV	Upplýsingar um starfsemi nemendafélagsins eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans	Upplýsingaflæði frá nemendafélaginu aukið á heimasíðu skólans.	Félagsmálafulltrúi Skólafulltrúi	Haustönn 2021	Haustönn 2021	Sýnilegt á heimasíðu skólans
3. 56. Foreldraráð styður við skólastarf og	Foreldraráð er ekki starfandi við skólann	Leitað verður allra leiða til að fá fulltrúa í foreldraráð.	Skólameistari	Haustönn 2021	Vorönn 2021	Foreldraráð verður kynnt á heimasíðu skólans.

gætir hagsmuna nemenda.						
3.58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda 3.59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	Virk tengsl við framhalds- og háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð	Skráning á tækifærum nemenda til að kynna sér nám á háskólastigi og þátttaka í Háskólahermi og námskynningum.	Aðstoðarskólameistari Námsráðgjafi	Haustönn 2021	Haustönn 2021	Upplýsingar um tengsl gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans
4. Húsnæði og aðstaða	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið?
ÁEV	Huga þarf að því að bæta aðstöðu fyrir kennslu í listnámsgreinum	Farið verður í þarfagreiningu á aðstöðu fyrir listnámsgreinar.	Skólameistari Listnámsgreinakennari	Vor 2022	Haust 2022	Aðstaða til listnámsgreinakennslu bætt
ÁEV	Meta þarf þörf á endurnýjun húsgagna í raungreinastofu	Farið verður í þarfagreiningu á aðstöðu í raungreinastofu.	Skólameistari Umsjónarmaður fasteigna Fagstjóri raungreina	Haust 2021	Vor 2022	Aðstaða til raungreinakennslu bætt
4.64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í	Kennarar búa við talsverð þrengsli í vinnuherbergi sem þeim er ætlað, huga þarf áfram að því að bæta vinnuaðstöðu kennara	Þarfagreining verður gerð vinnurými með það að leiðarljósi að létta á þrengslum og bæta kost kennara t.d. varðandi vinnuborð.	Mannauðsstjóri Fjármálastjóri	Vor 2022	Sumar 2022	Bætt aðstaða í vinnurými kennara

húsnæði skólans						
4. 62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	Leita þarf lausna varðandi íþróttakennslu nemenda framhaldsdeildar á Patreksfirði	Stafrænar lausnir verða nýttar ásamt samningi við íþróttahús og líkamsrækt á Patreksfirði	Deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði Íþróttakennarar Skólameistari	Vor 2022	Vor 2022	Aðstaða til íþróttakennslu orðin viðunandi
4.64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	Huga verði að því að bæta aðstöðu nemenda til náms utan kennslu- og verkefnatíma og góður vinnufriður tryggður	Framkvæmd verður þarfagreining á vinnuaðstöðu fyrir nemendur sem eyrnamerkt væri sem vinnurými.	Skólameistari Umsjónarmaður fasteigna Forseti nemendafélags	Vor 2022	Haust 2022	Aðstaða fyrir nemendur verði stórbætt
4.64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans	Huga þarf að fundaraðstöðu í lokuðu rými vegna teymis- og vinnufunda.	Búið er að breyta lítið nýttu rými í húsnæði skólans í vinnu- og fundaraðstöðu fyrir kennara.	Umsjónarmaður fasteigna Skólameistari	Lokið	Lokið	ÁEV

5. Lykilárangur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið?
ÁEV	Gera þarf athuganir á því hvernig nám við skólann hefur nýst brautskráðum nemendum í framhaldnámi og/eða starfi	Gæðaráð sendi út könnun til útskrifaðra nemenda til að kanna hvernig nám við skólann hefur nýst þeim.	Mannauðsstjóri	Haust 2021	Haust 2026	Sjálfsmatsskýrsla
5.67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	Setja þarf mælanleg viðmið um framfarir og árangur nemenda í námi, birta tölfraði um árangur þeirra og skoða hvort viðmiðum hafi verið náð	Framkvæmd verði skimun á námsárangri nemenda reglulega og sett verða mælanleg viðmið	Aðstoðarskólameistari Gæðaráð Námsráðgjafi?	Haust 2021	Haust 2022	Sjálfsmatsskýrsla
5.68. Útskriftarhlutfal l skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans. 5.69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	Setja þarf mælanleg viðmið um útskriftarhlutfall og brotthvarf frá námi og kanna reglulega hvort og þá hversu vel viðmiðum hafi verið náð.	Í stefnumiðaðri áætlun sbr. 31. Gr. Laga um opinber fjármál eru sett markmið um að meðalnámstími við útskrift séu 7 annir. Fylgst verður með því að þessi viðmið eigi við.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Gæðaráð	Vor 2021	Haust 2023	Sjálfsmatsskýrsla og ársskýrsla

Vinna við úrbætur hófst á vorönn 2021, eftir að niðurstöður ytra mats höfðu verið kunngerðar. Þá var unnið að stefnumótun með utanaðkomandi fagaðila út vorönn 2021. Úrbótaáætlun var unnin við upphaf haustannar 2021.

5. október 2021

Gæðaráð FSN 2020-2021

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari

Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri og félagsgreinakennari

Freydís Bjarnadóttir, stærðfræðikennari